



Hvert viltu komast ?

---

## Fundur nr. 185

24.9.2013

Ár 2013, föstudaginn 13. sept. var haldinn 185. fundur stjórnar Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 8:10.

Mætt voru Einar Örn Benediktsson, Sturla Þorsteinsson, Gunnar Axel Axelsson, Gunnar I. Birgisson, Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundarritari var Hörður Gíslason.

### Þetta gerðist:

1. Fjallað áfram um fjárhagsáætlun Strætó bs. fyrir árið 2014, sbr. 1. liður fundargerðir 184. fundar stjórnar.  
Lögð fram fjárhagsáætlun Strætó bs. fyrir árið 2014, dags. 13. sept. 2013, áætlun merkt A og útgáfa merkt B, þar sem gert er ráð fyrir aukinni þjónustu á helgidögum.  
Stjórnin óskar tiltekinna breytinga á áætlun B.
2. Lagður fram árshlutareikningur Strætó bs. fyrir tímabilið 1. jan. 2013 – 30. júní 2013.  
Samþykkt. Stjórnin fagnar því að óráðstafað eigið fé er nú jákvætt.
3. Fulltrúi Garðabæjar óskar bókað að starfsmönnum verði færðar sérstakar þakkir fyrir góða þjónustu vegna tónleika á Vífilsstaðatúni.

### Fundi slitið kl. 09:55

Einar Örn Benediktsson  
Sturla Þorsteinsson  
Gunnar Axel Axelsson  
Gunnar I. Birgisson  
Bryndís Haraldsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir

---